

RE: Alur Grundartanga

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Frá : Bryndís Skúladóttir <bryndis@vso.is>
CC : Brynja Silness <brynja@alur.is>; Guðjón Jónsson <gudjon@vso.is>
Heiti : RE: Alur Grundartanga
Málsnúmer : 202511039
Málsaðili : Alur Álvinnsla ehf.
Skráð dags : 05.01.2026 13:36:22
Höfundur : Bryndís Skúladóttir <bryndis@vso.is>
Viðhengi : [image001.jpg](#)

Sæll Sigurður og gleðilegt ár,

Hér eru nánari upplýsingar um vatnsnotkun:

- Vatnspörf framleiðslunnar er um 65 m^3 á dag, eða um 0,7 l/sek. Vatni er að mestu hringrásað svo vatnstakan er minni, þetta er hámarkstala.
- Varðandi setningu um að engin viðbótarvatnstaka sé áætluð, þá er það setning sem okkur hefur yfirsétt að leiðrétta. Rétt er að viðbótarvatnstaka er að hámarki 0,7 l/sek en verður að jafnaði minna, þar sem vatni er hringrásað. Magnið er ekki talið hafa áhrif á magnstöðu vatnshlots.

Varðandi myndir af svæðinu sem sendar voru þá spanna þær nokkur ár og sýna atvik þar sem frávik voru. Eftirlitsaðila, Umhverfis- og orkustofnun, er kunnugt um atvikin og gripið hefur verið til ráðstafana til að fyrirbyggja að slíkt gerist aftur. Til upplýsinga þá kemur fram [ínýjustu eftirlitsskýrslu](#) á heimasíðu UOS að engar athugasemdir voru skráðar, og að áætlanir um að loka eldri frávikum ganga vel, þ.m.t. frágangur lóðar sem og skipulag og úrvinnsla á saltköku sem er í gámum á svæðinu.

Kveðja,

Bryndís Skúladóttir

VSÓRÁÐGJÖF

sími: 585 9159 / 824 6113

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS

Sent: 29. desember 2025 10:20

To: Bryndís Skúladóttir

Subject: Alur Grundartanga

Góðan dag

Umsagnarfrestur fyrir Alur rann út á Þorláksmessu, 23. desember. Fjórar umsagnir bárust en engin þeirra gefur tilefni til viðbragða.

Unnið er að ákvörðun um matsskyldu sem gæti lokið mjög fljótlega.

En við nánari gagnaráyni er ekki fyllilega ljóst hvernig vatnsnotkun hjá Alur kemur til með að breytast með breytttri starfsemi. Í framkvæmdalýsingu má ætla að hún sé að aukast en í kafla 7.3 er fullyrt að engin viðbótarvatnstaka sé ráðgerð úr grunnvatnshlotinu.

Góðfúslega upplýsið nánar hvernig vatnstaka breytist með breytttri starfsemi.

Virðingarfyllt,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

